

**Nd.**

**150. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenski höfn, sje óhætt, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sjerstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlitar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með brjefi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skips-

ins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

## 2. gr.

1. málsg. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmllestir og gerð eru út hjer á landi, svo og til allra vjelbáta og róðrabáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hjer við land eina vertið á ári eða lengur, og til allra vjelbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

## 3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru fõng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samviskusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sje kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða

reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endrauær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sje fyriræælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess visari, að misbrestur sje á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr rikissjóði.

#### 4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið hæfærissskirteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna »og skal það ávalt sýnt bæði við tollafgreiðslu« í 3. málsg. 10. gr. laganna komi: og skal það ávalt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

#### 5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun hæfærissskirteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

#### 6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sje þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

#### 7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið hæfært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið hæfært, ritar lögreglustjóri á hæfærissskirteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhæfært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu hæfærissskirteinis.

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðal-  
skoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsg. 18. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum en að  
framan segir skoðun skips, enda sjeu þeir nægilega sjerfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu »Lögreglustjóri« í upphafi 21. gr. laganna komi:  
Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað »100 kr.« í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi: 50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19: júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.